

Tillaga til þingsályktunar

um Sundabraut.

Flm.: Sigrún Magnúsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Karl Garðarsson, Frosti Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að vinna að því að Sundabraut verði að nýju tekin inn í samgönguáætlun við næstu endurskoðun hennar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að tryggt verði að Sundabraut, sem lengi var inni á skipulagi á höfuðborgarsvæðinu, verði að nýju tekin inn á samgönguáætlun. Það er mat flutningsmanna að öll rök hnígi að því að Sundabrautin verði valin sem framtíðarkostur í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðnar breytingar urðu til þess að hugmyndum um gerð Sundabrautar og eflingu stofnbrautakerfisins í borginni var ýtt til hliðar og aukin áhersla lögð á almenningssamgöngur og reiðhjólástíga. Flutningsmenn telja að mikilvægt sé að hlúa að öllum ferðamátum innan borgarinnar og tengingum við hana. Í 12 ára áætlun fyrir vegaframkvæmdir í landinu kemur fram að 240 milljarðar kr. verði settir í jarðgöng, brýr og aðrar vegaframkvæmdir næstu árin. Stærsti hlutinn fer í kostnaðarsamar framkvæmdir úti á landi, jarðgöng á Vestfjörðum og víðar. Framkvæmdir eins og Sundabraut og Miklabraut í stokk eru varla nefndar þrátt fyrir að þjóna mun fjölmennari hópi landsmanna.

Fyrir liggur að umferðarspár sem gerðar hafa verið um nýtingu Sundabrautar gefa til kynna að um hana muni fara 23.000–30.000 bílar á sólarhring árið 2030. Til samanburðar fara um 5.000 bílar um Hvalfjarðargöng á sólarhring, innan við 1.000 bílar fara að meðaltali um Héðinsfjarðargöng á sólarhring og reiknað er með að um 1.200 bílar á sólarhring muni fara um Vaðlaheiðargöng þegar þau verða opnuð. Umferðarspár vegna Sundabrautar voru unnar í tengslum við gerð nýs aðalskipulags Reykjavíkur sem nær til ársins 2030 og er umferðarlíkanið þess vegna miðað við það ár. Af þessu má ráða að nýting Sundabrautar er líkleg til að verða viðunandi og rúmlega það og má búast við að arðsemi framkvæmdarinnar verði það einnig. Við arðsemismat verður að líta til þess ávinnings sem fæst af því að fá vegtengingu við borgarland sem er stærra en marga grunar. Geldinganes er álíka stórt og elsti hluti borgarinnar. Sambærilegt svæði að stærð nær frá Ánanaustum til Rauðarárstígs og frá Sæbraut að Hringbraut. Með tilkomu Sundabrautar verður nesið í góðum tengingum við allt vegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Skipulag og nýting Geldinganes, Álfsness og Kjalarness í framtíðinni býður upp á mikla möguleika en forsenda þess er gerð Sundabrautar.

Margir ótvíræðir kostir eru við þessa framkvæmd. Fyrir liggur að fyrsti áfangi hennar er mikilvæg vegtenging frá miðbæ borgarinnar til eins fjölmennasta hverfis hennar, Grafarvogs. Tilkoma Sundabrautar mun stytta og flýta för frá því svæði til miðkjarna borgarinnar. Aukin heldur er þýðingarmikið öryggisatriði fyrir íbúa Reykjavíkur að Sundabraut verði lögð. Með tilkomu hennar þarf ekki lengur að fara með þjóðveg eitt í gegnum þéttbýli eins og nú er gert í Mosfellsbæ.

Mikilvægt er að hægt sé að rýma borgina skjótt og örugglega, reynist það nauðsynlegt. Í heild styttir Sundabraut leiðir vestur og norður verulega eða um allt að 10 km. Í því samhengi má benda á að mikil umsvif eru á Grundartanga þar sem fjölmörg stórfyrirtæki reka starfsemi sína og allar líkur eru á að frekari uppbygging iðnaðar verði á því svæði til framtíðar. Tilkoma Sundabrautar mun stytta leiðina þangað verulega og auðvelda flutning til og frá svæðinu. Auk þess mun lagning brautarinnar verða til þess að tengja Kjalarnes, sem er hluti Reykjavíkurborgar, betur við miðhluta borgarinnar, stjórnsýslu og þjónustusvæði sem þar eru. Talað var um þegar Kjalarnes var á sínum tíma sameinað Reykjavík að fljótlega yrði Sundabraut gerð sem mundi tengja svæðið betur við aðra hluta borgarinnar. Loks vekja flutningsmenn athygli á því að vegtenging sem þessi mun án vafa verða til þess að búa til ný tækifæri í uppbyggingu borgarinnar. Fjöldi nýrra glæsilegra byggingarlóða mun gera Kjalarnes, Leirvog og fleiri staði að verðmætum hluta borgarinnar. Mikilvægt er fyrir framtíðarþróun borgarinnar að skapa slíka möguleika á uppbyggingu en sérstaklega er þarft að huga að uppbyggingu borgarinnar í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í flugvallarmálinu. Ljóst er að flugvöllurinn verður ekki fluttur úr Vatnsmýrinni í bráð og uppbyggingar á því svæði því ekki að vænta. Slíkur flutningur mun kosta gríðarlega fjármuni og er mat flutningsmanna að vænlegra sé að verja fjármunum almennings í þarfari ráðstafanir, til að mynda að bæta samgöngur á landi.

Eins og rakið hefur verið hér að framan eru fjölmörg viðamikil rök sem mæla með því að ráðist verði í gerð Sundabrautar og verkefnið sett á samgönguáætlun að nýju. Þannig lægi fyrir stefna ríkisins í þessu máli og aðalskipulag borgarinnar gæti þá tekið mið af því.